

Fimmtudaginn 4. júní 1959.

Nr. 68/1959. **Guðmundur Ásbjörnsson**
 gegn
fjármálaráðherra f. h. ríkissjóðs.

Dómendur:
 hæstaréttardómaramennir **Árni Tryggvason, Gizur Bergsteinsson,**
Jónatan Hallvarðsson og Þórður Eyjólfsson og prófessor Ármann
Snævarr.

Kærumál. Frávísunardómur staðfestur.

Dómur Hæstaréttar.

Sóknaraðili hefur skotið máli þessu til Hæstaréttar með kæru 14. apríl þ. á. Kærumálið hefur verið flutt munnlega fyrir dóminum, sbr. 3. mgr. 199. gr. laga nr. 85/1936.

Sóknaraðili krefst þess, að hinn kærði dómur verði úr gildi felldur og að varnaraðilja verði dæmt að greiða kærumálskostnað að mati Hæstaréttar.

Varnaraðili krefst staðfestingar hins kærða dóms og kærumálskostnaðar úr hendi sóknaraðilja samkvæmt mati Hæstaréttar.

Ekkert er vitað um verðmæti húss þess, er í málinu greinir, eftir að bannað var að nota það til sundmarðaðis. Ber því að staðfesta niðurstöðu héraðsdómara um frávísun á kröfufið þeim, er getur í hinum kærða dómi.

Eftir þessum úrslitum verður sóknaraðilja dæmt að greiða varnaraðilja kærumálskostnað, er ákveðst kr. 1.500,00.

Dómsorð:

Hinn kærði dómur á að vera óraskaður.

Sóknaraðili, Guðmundur Ásbjörnsson, greiði varnaraðilja, fjármálaráðherra f. h. ríkissjóðs, kr. 1.500,00 í kærumálskostnað að viðlagðri aðför að lögum.

Dómur bæjarþings Reykjavíkur 9. apríl 1959.

Mál þetta, sem dómtekið var 19. f. m., hefur Guðmundur Ásbjörnsson, Hlíðarvegi 13 í Kópavogi, höfðað fyrir bæjarþinginu

með utanréttarstefnu, birtri 27. apríl 1956, gegn fjármálaráðherra f. h. ríkissjóðs til greiðslu skaðabóta, að fjárhæð kr. 249.460,00, ásamt 6% ársvöxtum frá 31. desember 1952 til greiðsludags og málskostnaðar að skaðlausu.

Stefndi hefur krafizt sýknu af dómkröfum stefnanda og málskostnaðar úr hans hendi eftir mati dómarsins.

Málavextir eru þeir, að árið 1948 reisti stefnandi sundmarðabú á lóð sinni, nr. 13 við Hlíðarveg í Kópavogi. Sundmarðabú þetta var reist eftir uppdrætti, árituðum af loðdýraræktarráðunaut 15. október 1947 og eftir hans fyrirsögn. Með lögum nr. 11/1951 var sundmarðaeldi bannað, en stefnandi hélt þó áfram eldi fram á árið 1956 samkvæmt heimild í lögnum.

Stefnandi byggir kröfu sína í málinu á því, að hér hafi verið um eignarnám að ræða af hálfu ríkisvaldsins, og beri stefnda að bæta tjón það allt, sem stefnandi hafi orðið fyrir af þeim sökum. Er krafa hans í málinu miðuð við verðmæti sundmarðabúsins, eins og það var metið af tveim dómkvöddum mönnum hinn 24. október 1955, húsið á kr. 230.000,00 og búr og tæki á kr. 19.460,00. Krefst stefnandi greiðslu fjárhæða þessara úr hendi stefnda gegn afhendingu hinna metnu verðmæta.

Stefndi styður sýknukröfu sína þeim rökum, að bann við eldi sundmarða sé ekki eignarnám. Alþingi hafi með lagasetningu sinni lagt niður ákveðna atvinnugrein, og hafi því verið það heimilt án bótaskyldu ríkisvaldsins gagnvart þeim, sem með því yrðu að leggja niður atvinnu þá, er bannið tók til.

Með setningu laganna um bann gegn eldi sundmarða er atvinnufrelsi skert. Verður að telja löggjafarvaldinu það heimilt þrátt fyrir ákvæði 69. gr. stjórnarskrárinnar, enda virðist það sjálft eiga fullnaðarmat á því, að skilyrði greinarinnar um það, að almenningsheill krefji, sé fullnægt. Þótt menn séu þannig sviptir möguleika til að stunda þá atvinnu, sem þeir hafa lagt fyrir sig, þá er þeim frjálst að hagnýta þau verðmæti eða eignir, sem í tengslum hafa verið við atvinnuna. Verður því ekki talið, að ríkisvaldinu sé skylt að leysa til sín eignir þessar og greiða fullt verð fyrir. Af þessum ástæðum þykir eigi unnt að telja framangreinda löggjöf eignarnám, og verður því bótakrafa stefnanda ekki á þeim rökum byggð.

Hins vegar kann að vera, að stefnandi eigi rétt á bótum úr hendi stefnda vegna margnefndrar lagasetningar fyrir þau verðmæti eða eignir, sem beinlínis hafa farið forgörðum eða á annan hátt rýrnað að verðmæti við það, að þau verða ekki hagnýtt á þann

hátt, sem efni stóðu til. Stefndi hefur lýst yfir því, að hann sé fús til að greiða stefnanda bætur fyrir hið beina tjón hans af setningu laganna. Þessi yfirlýsing hans kom fram við munnlegan flutning máls þessa hinn 29. janúar 1957. Með bréfi á dskj. 14 er yfirlýsing þessi ítrekuð og þá jafnframt fallizt á að leggja framangreinda matsfjárhæð um búr og tæki til grundvallar bóttum, að því er til þeirra verðmæta tekur. Hins vegar taldi stefndi ekki hafa verið sýnt fram á það, að hús það, sem um getur í matsgerðinni, hafi rýrnað í verði, og hefur því ekki léð máls á að greiða bætur vegna þess. Að fram kominni þessari yfirlýsingu var málið endurupptekið af hálfu aðilja með tilliti til hennar. Ekkert fór þó fram af þeirra hálfu í þá átt að sannreyna, hvort húsið hefði rýrnað að verðmæti af framangreindum sökum, og var málið lagt til dóms öðru sinni án nokkurra upplýsinga að því leyti. Dómarinn hefur farið á vettvang og skoðað margnefnt hús. Af þeirri skoðun má ætla, að húsið hafi að einhverju leyti rýrnað að verðmæti við það, að það verður ekki hagnýtt á þann hátt, sem ætlað var við byggingu þess, eða vegna breytinga, sem á því kynni að verða þörf til annarrar hagnýtingar.

Af þessu, sem nú hefur verið rakið, þykir ljóst, að mjög skortir á, að ákvæða laga nr. 85/1936 um skýran málatilbúnað, rækilega gagnasöfnun og fullnægjandi reifun máls hafi verið gætt við rekstur málsins, að því er varðar kröfu stefnanda um bætur fyrir oftnefnda húseign. Þykir af þeim sökum bera að vísa þeim kröfulið hans frá dómi ex officio.

Afstaða til málskostnaðar í þessum hluta málsins verður tekin við efnisdóm í málinu.

Emil Ágústsson, fulltrúi borgardómara, kvað upp dóm þenna.

Dómsorð:

Framangreindum lið í kröfugerð stefnanda vísast sjálfkrafa frá dómi.
